

# **Póknanir til bæjarfulltrúa og annarra fyrir setu í ráðum, nefndum og starfshópum hjá Grindavíkurbæ.**

Með vísan í 32. og 51. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011 og 25. og 44. grein *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar* hefur bæjarstjórn Grindavíkur samþykkt laun bæjarstjórnar, kjörinna nefnda og starfshópa á vegum bæjarins. (Á bls. 2 eru uppreiknaðar fjárhæðir)

Á 397. fundi bæjarstjórnar þann 16. júní 2010 var eftirfarandi bókað undir 7. lið, **1006028 - Laun bæjarfulltrúa og nefndarlaun:**

*Til máls tók:* Guðmundur

## **Tillaga að reglum um greiðslur fyrir fundasetur og nefndarstörf hjá Grindavíkurbæ**

Laun þessi taki breytingum 1. janúar og 1. júlí ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu Hagstofu Íslands m.v. grunnvísitölu 369,5.

### **Bæjarstjórn**

Forseti bæjarstjórnar:	föst greiðsla	112.000 á mánuði	og	30.000 fyrir hvern setinn fund.
Formaður bæjarráðs:	föst greiðsla	100.000 á mánuði	og	22.000 fyrir hvern setinn fund.
Aðrir bæjarfulltrúar:	föst greiðsla	76.000 á mánuði	og	22.000 fyrir hvern setinn fund.
Varamaður				22.000 fyrir hvern setinn fund.

### **Bæjarráð**

Formaður bæjarráðs :	30.000 fyrir hvern setinn fund.
Aðrir bæjarráðsmenn:	22.000 fyrir hvern setinn fund.
Varamaður í bæjarráð:	22.000 fyrir hvern setinn fund.

***Nefndarlaun í bæjarstjórn og bæjarráði verði greidd út mánaðarlega.***

### **Fastanefndir á vegum bæjarins**

Formaður:	20.000 fyrir hvern setinn fund.
Aðrir nefndarmenn:	12.000 fyrir hvern setinn fund.

***Nefndarlaun fastanefnda greidd út samkvæmt beiðni formanna enda á þeirra ábyrgð að koma upplýsingum til launafulltrúa.***

Forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs hafi farsíma á kostnað bæjarins.

**Samþykkt samhljóða**

## **Ungmennaráð**

5. grein *Samþykkt fyrir ungmennaráð* er svohljóðandi:

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af bæjarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir. Ungmennaráð fær greitt fyrir 6 fundi á ári og teljast hálfdrættingar í launum á við aðrar fastanefndir Grindavíkurbæjar. Það er að segja, ungmennaráðsfulltrúar fá hálf nefndarlaun.

**Samþykkt ungmennaráðs var staðfest á 457. fundi bæjarstjórnar þann 24.11.2015.**

## **Tímabundnar nefndir og starfshópar hjá Grindavíkurbæ**

Sé nefnd eða starfshópur skipaður af bæjarráði eða bæjarstjórn skulu nefndarlaun greidd. Fjárhæð nefndalauna skal vera sú sama og í fastanefndum Grindavíkurbæjar.

Sjá nánar í *Reglum um greiðslu nefndarlauna til tímabundinna nefnda og starfshópa hjá Grindavíkurbæ.*

**Reglurnar voru staðfestar á 444. fundi bæjarstjórnar þann 26.08.2014.**

# **Þóknanir til bæjarfulltrúa og annarra fyrir setu í ráðum, nefndum og starfshópum hjá Grindavíkurbæ.**

Fastar mánaðargreiðslur til bæjarfulltrúa og laun fyrir setu í bæjarstjórn og bæjarráði eru greiddar mánaðarlega eftirá.

Greiðslur fyrir nefndarsetu eru greiddar á hálfis árs fresti, 30. júní og 31. desember.

Greiðsla 30. júní er vegna tímabilsins janúar - júní og er notuð launavísitala desember fyrra árs.

Greiðsla 31. desember er vegna tímabilsins júlí - desember og er notuð launavísitala júnímánaðar.

## **Uppreiknaðar fjárhæðir**

Tímabil: janúar - júní 2019

<b>Grunnvísitala:</b>	369,5
<b>Viðmiðunarvísitala:</b>	670,7 (des. 2018)

### ***Bæjarfulltrúar, fastar mánaðargreiðslur***

	<b>Grunnur í júní 2010</b>	<b>Upp- reiknað</b>
Forseti bæjarstjórnar .....	112.000	<b>203.297</b>
Formaður bæjarráðs .....	100.000	<b>181.516</b>
Aðrir bæjarfulltrúar .....	76.000	<b>137.952</b>

### ***Bæjarstjórn og bæjarráð, greitt fyrir fundarsetu***

	<b>Grunnur í júní 2010</b>	<b>Upp- reiknað</b>
Bæjarstjórnarfundur, forseti .....	30.000	<b>54.455</b>
Bæjarstjórnarfundur, aðrir .....	22.000	<b>39.933</b>
Bæjarstjórnarfundur, varamenn .....	22.000	<b>39.933</b>
Bæjarráðsfundur, formaður .....	30.000	<b>54.455</b>
Bæjarráðsfundur, aðrir .....	22.000	<b>39.933</b>
Bæjarráðsfundur, varamenn .....	22.000	<b>39.933</b>

### ***Fastanefndir og tímabundnar nefndir, greitt fyrir fundarsetu***

	<b>Grunnur í júní 2010</b>	<b>Upp- reiknað</b>	<b>Ungmenna- ráð 50%</b>
Formaður .....	20.000	<b>36.303</b>	<b>18.152</b>
Aðrir nefndarmenn .....	12.000	<b>21.782</b>	<b>10.891</b>
Varamenn .....	12.000	<b>21.782</b>	<b>10.891</b>